

## 12. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Föstudaginn 7. maí 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 14:00.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Alexandra Jóhannsdóttir

*Frá Blönduósbae:* Guðmundur Haukur Jakobsson, Valdimar O. Hermannsson og Jón Örn Stefánsson.

*Frá Skagabyggð:* Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Steinar Kristjánsson varamaður.

*Frá RR ráðgjöf:* Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Magnús Björnsson og Karen Helga R. Steinsdóttir boðuðu forföll. Steinar Kristjánsson mætti í þeirra stað.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Kynningarmál og almannatengsl

Kristján Hjálmarsson frá H:N markaðssamskiptum mætti á fund nefndarinnar, fór yfir stöðu kynningarmála og sýndi drög að bæklingi, myndbönd og vefborða.

Farið var yfir athugasemdir sem borist hafa við texta í bæklingnum og H:N markaðsráðgjöf falið að uppfæra hann skv. umræðum á fundinum. Fjárhagsupplýsingar verða uppfærðar þegar ársreikningar ársins 2020 liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að bæklingnum verði dreift með Feyki miðvikudaginn 19. maí.

Kristján vék af fundi kl. 14:35.

Nefndarmenn óska eftir upplýsingum um umferð á vef verkefnisins, [hunvetningur.is](http://hunvetningur.is).

#### 2. Skipulag íbúafunda

Róbert upplýsti um ákvörðun um breytingu á fundartíma á Skagaströnd þar sem áður ákveðinn fundartími rakst á við undankeppni Eurovision þar sem Ísland keppir. Fundurinn verður haldinn 18. maí kl. 20:00 í stað 20. maí.

Rætt var um útsendingu fundanna á netinu. Alexandra talar við tæknimann.

Ákveðið að RR ráðgjöf sjái um kynningu á framtíðarsýn samstarfsnefndar og að tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi sitji fyrir svörum í pallborði. Óskað verður eftir skráningu þeirra sem ætla að mæta á staðinn svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir miðað við fjölda fundargesta.

#### 3. Fundir með þingflokkum

Fulltrúar samstarfsnefndar hafa fundað með þingflokkum. Fundað var með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sl. miðvikudag. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra og ferðamála- iðnaðar og nýsköpunarráðherra komi í heimsókn og fundi með nefndinni í tengslum við opnun Textíllab 21. maí nk.

Unnið er að því að fá fund með öðrum ráðherrum sbr. fundargerð 11. fundar.

#### **4. Umhverfisakademía**

Farið yfir stöðu mála varðandi Umhverfisakademíu. Hugmyndirnar hafa verið kynntar fyrir sveitarstjórn Húnavatnshrepps og verður kynnt sveitarstjórnnum hinna sveitarfélaganna á næstu dögum. Hugmyndin verður einnig kynnt ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs 10. maí nk. Þegar nefndin fer um Norðvesturland.

Ákveðið að Alexandra leiti eftir stuðningi SSNV við að undirbúa umsókn.

#### **5. Undirbúningur kosninga**

Róbert fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning kosninga. Formenn kjörstjórna hafa fundað og hafa með sér samráð um framkvæmd kosninga.

Staðfesting samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis á orðalagi á kjörseðli liggur fyrir.

Ákveðið að leita til Svansprents ehf. um prentun kjörseðla.

Sveitarstjórnir þurfa að afgreiða umboð til sveitarstjóra til að undirrita kjörskrá.

Rætt um opnunartíma kjörstaða. Mismunandi hefðir eru um opnunartíma í sveitarfélögunum fjórum. Nefndin mælist til að opnunartími verði samkvæmt venju á hverjum stað.

#### **6. Næsti fundur samstarfsnefndar**

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 19. maí kl. 19:00 í félagsheimilinu á Blönduósi.

Fundargerð borin upp og staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:45.